

## Samþykkt um kattahald í Hafnarfjarðarbæ.

### 1. gr.

Kattahald í Hafnarfjarðarbæ sætir þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.  
MatvælaUmhverfisstofnun fer með mál er varða dýravernd samkvæmt lögum nr. 55/2013 og 15/1994 um velferð dýravernd.

### 2. gr.

#### Markmið.

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að umráðamenn katta sjái til þess að þeir séu ekki á flækingsi, valdi nágrönnum hvorki óþægindum né tjóni og að vernda viðkvæmt fuglalífi í sveitarfélaginu.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

### 3. gr.

#### Stjórnсыsla.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Heilbrigðiseftirlitið getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari.

### 4. gr.

#### Kattahald í fjöleignarhúsum.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

### 5. gr.

#### Merking katta.

Umráðamanni hunda, katta og kanína er skylt að auðkenna öll dýr innan 12 vikna aldurs með einstaklingsörmerki skv. alþjóðlegum ISO-staðli. Allir kettir eldri en fjögurra mánaða skulu örmerktir af dýralækni skv. stöðlum Alþjóða-staðlaráðsins (ISO 11784 eða 11785).

Kettir skulu einnig bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang umráðamanns og símunúmer.

### 6. gr.

#### Gelding fresskatta.

Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utandyra.

### 7. gr.

#### Ormahreinsun.

Umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Umráðamanni er skylt að geyma hreinsunarvottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er.

### 8. gr.

#### Dýravernd.

Umráðamanni er skylt að sjá til þess að vel sé farið með kött hans sbr. ákvæði dýraverndunar laga nr. 55/2013 um velferð dýra og 15/1994.

### 9. gr.

#### Ónæði og óþrif.

Umráðamanni kattar er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Kattareiganda ber að greiða allt það tjón sem köttur hans veldur mönnun, dýrum og munum, svo og greiðslu alls kostnaðar við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.

10. gr.

*Fuglalíf á varptíma.*

Umráðamanni kattar ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma frá 1. maí til 31. ágúst með því að hengja bjöllu á köttinn og eftir atvikum að takmarka útiveru hans. Bæjarstjórn er heimilt vegna fuglalífs að banna kattahald á ákveðnum svæðum sveitarfélagsins. Slíkt bann verður staðfest sem breyting við samþykkt þessa.

11. gr.

*Óheimilir staðir.*

Ekki má hleypa köttum inn í svæði þau, fyrirtæki og stofnanir, sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og inn á staði þar sem framleiðsla og dreifing matvæla fer fram.

12. gr.

*Takmörkun réttar.*

Heilbrigðisnefnd er heimilt að takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að og eiganda eða umráðamanni tekst ekki að koma í veg fyrir það.

13. gr.

*Handsömun katta.*

Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera þegar ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa dýrinu til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta.

Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa ómerktu dýri til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta. Heilbrigðiseftirlit gerir ráðstafanir til að fækka flækingsköttum enda skal það auglýst tryggilega. Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að fanga ketti í búr og færa í sérstaka kattageymslu í eftirfarandi tilfellum:

- Sé köttur ómerktur.
- Sé ítrekað kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði.

Köttur sem fangaður er þannig skal geymdur í sjö daga. Hafi kattarinn ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða aflífaður. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað.

Hafnarfjarðarbæ er heimilt að innheimta áfallinn kostnað sem fellur til við framfylgd þessarar greinar úr hendi umráðamanns samkvæmt gjaldskrá. Umráðamaður kattar, sem fluttur er í kattageymslu, skal greiða handsömunar-, föður- og vistunargjald skv. gjaldskrá sem Hafnarfjarðarbær setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, samkvæmt skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hafnarfjarðarbær skal birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

*Viðurlög.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, ~~[dags.]11. apríl 2011~~

F.h.r.

~~Sigurbjörg Sæmundsdóttir~~

~~Íris Bjargmundsdóttir~~